

Skólaráðsfundur í Álfaborg og Valsárskóla

7.4. 2021 Fjarfundur á Teams kl: 14:30

Mættir: María – Margrét – Ásrún – Villi – Þórdís – Tryggvi – Steingerður.

Annar fundur í Skólaráði á þessu covidári, og jafnframt sá síðasti.

1. María kynnti hlutverk skólaráðs og hvað er búið að gera og benti fundarmönnum á heimsíðuna með upplýsingum um skólaráðið, fundagerðir og fleira.
2. Skóladagatal: Valsárskóla kynning. Engar athugasemdir gerðar við skóladagatalið.
3. Skóladagatal: Álfaborg kynning. Aðeins velt fyrir sér sumaropnun á leikskóla og þá með fjölda barna á hverjum tíma.
4. Skólapúlsinn í Álfaborg. Foreldrapúlsinn. Margrét Jensína kynnir hann. 92,6% svöruðu sem er metþáttaka. Ánægja foreldra með stjórnun og ánægja barnsins í leikskóla er 100%. Eins er 100% ánægja með húsnæði. Þarf að leggja meiri áherslu á skapandi námsumhverfi og bæta upplýsingamiðlun til foreldra. Einnig kom fram að nokkrir foreldrar eru ekki vissir um að börnin þeirra eigi vini í leikskólanum. Umbótaáætlun Álfaborgar fyrir næsta skólaár mun byggja á því sem betur má fara að mati foreldra. Niðurstöður Skólapúlsinn koma á heimasíðuna.
5. Skólapúlsinn í Valsárskóla. María kynnir hann. Valsárskóli trónar á toppnum í flest öllu. Annað fer í umbótaáætlun. Einelti er málefni sem þarf að taka á. Væntingar foreldra til háskólanáms barna sinna er mjög lítill en mun meiri til iðnnáms.
6. María sagði aðeins frá ytramati MMS sem gert var í febrúar og lýsti því ferli.
7. Rætt var um starfsemi skólaráðs. Fundarmenn voru sammála að halda þrjá fundi á ári. Tímasetningar munu verða skráðar í vor. Fundir verða um miðjan september – febrúar – apríl. Fundir verða á miðvikudögum kl: 14:15.
8. Skólaráðið samþykkir að vera í matsteymi fyrir umbótaáætlun vegna ytramats.
9. Önnur mál: Engin

Fundi slitið. Kl. 15:45
Fundarritari: Ásrún Aðalsteinsdóttir